

Föstudaginn 29. nóvember 1940.

Nr. 35/1940. Jón Þorsteinsson

gegn

Verzlunarfélaginu Borg h/f.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Þorsteinsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 29. nóvember 1940.

Kærumál nr. 8/1940. Björn Gottskálksson

gegn

Kristjáni Kjartanssyni.

Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 22. okt. þ. á., hingað komnu 18. f. m., barst hæsttarétti kæra sóknaraðilja, Björns Gottskálssonar, um úrskurð Guðmundar bæjarfógeta Hannessonar, uppkveðinn 17. okt. þ. á. í bæjarþingsmálinu nr. 20/1940: Kristján Kjartansson gegn Birni Gottskálkssyni. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður þessi verði felldur úr gildi, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, og að varnaraðilja, Kristjáni Kjartanssyni, verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefir enga greinargerð sent og engar kröfur gert fyrir hæstarétti.

Samkvæmt skýrslu varnaraðilja í héraðsdóms-

stefnu og sáttakæru leigði hann snurpunótabáta til tveggja vélbáta frá Norðfirði yfir síldarvertiðina síðastliðið sumar. Samkvæmt yfirlýsingu sinni, gefinni út þann 14. júlí síðastl. á Siglufirði, gerðist sóknaraðili sjálfskuldarábyrgðarmaður að greiðslu leigu eftir snurpunótabáta þessa, og lét varnaraðili gefa út dómstefnu á hendur sóknaraðilja þann 30. sept. síðastl. til dóms á hendur honum um greiðslu leigu þessarar. Eftir öllum atvikum virðist leigan hafa átt að gjaldast á Siglufirði í lok síldarvertiðar 1940. Sóknaraðili, sem tjáir sig fást við atvinnurekstur á síldarvertið á Siglufirði, en eiga nú heimili á Seltjarnarnesi, var enn á Siglufirði, er sáttakæra og stefna var birt. Samkvæmt þessu var heimilt að höfða mál þetta á hendur sóknaraðilja fyrir dómi á Siglufirði eftir ákvæðum 80. gr. laga nr. 85/1936. Málshöfðunin er að visu í sókn og vörn fyrir héraðsdómi byggð á því einu, að sóknaraðili eigi þá heimili á Siglufirði, sem þó var ósannað gegn mótmælum hans, en í skjölum málsins var nægilegt efni til þess, að héraðsdómarinn benti varnaraðilja, sem er ólöglærður maður og fór sjálfur með mál sitt, á ákvæði téðrar 80. gr. laga nr. 85/1936 og leiðbeindi honum um vörn við frávísunarkröfu sóknaraðilja að því leyti samkvæmt fyrirmælum 114. gr. nefndra laga, enda var ekki ástæða til þess að ætla, að varnaraðili mundi vilja firra sig rétti til málshöfðunar samkvæmt 80. gr. téðra laga, þó að hann, ólöglærður maðurinn, skírskotaði ekki til hennar í málflutningi sínum, sbr. 113. gr. sömu laga. Þögn varnaraðilja um 80. gr. laga nr. 85/1936 er þess vegna ekki því til fyrirstöðu, að kæruatriði þessa máls verði leyst samkvæmt henni hér fyrir dómi.

Samkvæmt þessu verður að telja mál þetta löglega höfðað fyrir dómi á Siglufirði samkvæmt heimild í 80. gr. laga nr. 85/1936, og ber því að hrinda frávísunarkröfu sóknaraðilja, eins og hér- aðsdómari hefir gert.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Frávísunarkrafa sóknaraðilja, Björns Gottskálkssonar, verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bjarþings Siglufjarðar 17. október 1940.

Það er viðurkennt af stefndum, að hann hafi haft lögheimili á Siglufirði 1939, en þar sem því er mótmælt, að hann hafi flutt sig í Seltjarnarneshrepp og hins vegar viðurkennt, að hann hafi raunverulega dvalið hér mikinn hluta yfirstandandi árs, verður að telja, að hann hafi haft raunverulegt heimili hér, er sáttakæra og stefna var birt, og hafi því verið rétt að stefna málinu fyrir rétt í Siglufirði. Ber því eigi að frávísa málinu.

Fyrir því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnds skal eigi tekin til greina.

Miðvikudaginn 4. desember 1940.

Nr. 57/1940. Pétur Magnússon f. h. eigenda og váttryggjenda e/s Dixie og farms þess

(Pétur Magnússon)

gegn

Skipaútgerð ríkisins og gagnsök

(Garðar Þorsteinsson).

Björgunarlaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. júní þ. á., hefir krafizt